



# Einstaklingsmiðuð kennsla og námsmat í 3. – 6. bekk Hrafnagilsskóla





## Námsmatshugtök

### **Greinandi mat**

-til að greina námserfiðleika

### **Stöðumat**

-hvar stendur nemandinn?

### **Leiðsagnarmat**

-til að bæta námið

### **Heildarmat**

-til að meta námsárangur þegar kennslu er lokið

### **Símat**

-stöðugt námsmat á námstíma



## Þróun námsmats

- Vikuleg skráning í áformi og ígrundun nemenda.
- Mat á áhugsviðsverkefnum – val nemenda um mat.
- Mánaðarleg skráning kennara á vinnubrögðum í íslensku og stærðfræði.
- Nemendur meta hvort þeir eru tilbúnir að taka próf út frá markmiðum.
- Munnleg próf.
- Samvinnupróf.
- Mat á hópastarfi, vinnu einstaklinga og hópa.
- Sjálfsmat – sýnismöppur.



## Áform

- Vikulega skrá nemendur hjá sér út frá markmiðum í íslensku og stærðfræði, hvað þeir áætla að komast yfir af námsefni, í skóla og heima.
- Kennarar skrá hjá sér hvort nemendur ljúka áformi sínu og heimanámi.
- Áformið gildir sem hluti af annareinkunn.
- Nemendur ígrunda hvað gekk vel og hvað mætti betur fara.
- Kennarar skrá í skilaboðaskjóðu eitthvað um nám nemandans eða aðra þætti sem þurfa að koma fram.



## Áhugasvið

- Nemendur velja sér verkefni og gera samning þar sem fram koma nokkrar lykilspurningar, mat á verkefninu og tímaáætlun.
- Kynning á verkefnum einu sinni í mánuði.
- Kennarar meta verkefnið á meðan á kynningu stendur og nemendur fá einkunn og umsögn að kynningu lokinni.
- Nemendur fá umsögn um áhugasviðsverkefni á vitnisburðablaði í vor byggða á skráningu kennara.



## Vinnubrögð í íslensku og stærðfræði

- Kennarar skrá hjá sér mánaðarlega
  - Virkni
  - Sjálfstæði
  - Metnað
  - Hversu fljótt nemandi kemur sér að verki

Vinnubrögð eru hluti af annareinkunn.



## Námsmat í stærðfræði

- Áætlanir gerðar út frá markmiðum.
- Nemendur gera sjálfsmat út frá ákveðnum námsþáttum og meta hvort þeir eru tilbúnir í námsmat.
- Námsmat fer fram á mismunandi tímum.
- Nemendur fá oftast niðurstöður jafnóðum.
- Nemendur þurfa að ná ákveðnu lágmarki í hverju námsmati til þess að geta haldið áfram í næsta námsmarkmið.



## Munnleg próf/stöðumat

- Í stærðfræði og íslensku.
  - Önnur nálgun á viðfangsefninu.
  - Nemendum finnst gaman í munnlegum prófum.
  - Auðvelt að fá niðurstöður strax.
  - Gott fyrir þá sem eiga erfitt með lestur eða að koma einhverju frá sér skriflega.





## Samvinnupróf

- Málfræðipróf í íslensku.
  - Einstaklingar með mismunandi getu vinna saman.
  - Umræður um námsþætti eiga sér stað.
  - Báðir aðilar þurfa að vera sammála um lausn.
  - Ekki vitað hvort prófblaðið er metið í lokin.
  - Áhugavert að skoða samvinnuna sérstaklega.



## Mat á hópstarfi

- Kennarar meta hópstarfið meðan á því stendur.
  - vinnusemi
  - skipulag
  - vinnubrögð
  - samvinnu
- Kennarar og nemendur meta flutning verkefnisins.
- Nemendur meta eigin vinnu.
- Nemendur meta vinnu hópsins.



## Sýnismöppur - sjálfsmat

- Nemendur safna ákveðnum verkefnum í sýnismöppu.
- Nemendur fá ákveðin fyrirmæli um hvers konar verkefni eiga að vera í möppunni.
- Nemendur þurfa að rökstyðja val sitt á verkefnum.
- Nemendur þurfa að meta framfarir sínar.
- Nemendur þurfa að setja sér markmið fyrir komandi skólaár.
- Ígrundun nemenda á sínum sterku hliðum og hvað þeir geta bætt.



## Sýnismöppudagur

- Nemendur kynna verkefni sín fyrir foreldrum og stjórna viðtalinu.
- Jákvæðar umræður um skólagönguna milli barns og foreldra.
- Góð yfirsýn foreldra yfir vinnu vetrarins.
- Áskorun fyrir nemendur að segja frá eigin námi.
- Persónulegt bréf foreldra uppbyggilegt og jákvætt.



## Skipulag námsmats

| febrúar   | febrúar  | febrúar  | febrúar  |
|---|--|--|--|
| <p><u>5. – 9.</u><br/>Kennari skráir hjá sér vinnubrögð og vinnusemi í stærðfræði út frá gátlista.</p> <p>Könnun í ensku hjá 6. bekk</p> <p>Mat á áhugasviðsverkefnum</p> | <p><u>12. – 16.</u><br/>Verkefni úr þeim markmiðum sem unnið hefur verið með í sagnorðum.<br/>Samvinnunám. Annað verkefnið verður tekið og metið.</p> <p>Könnun í stærðfræði – almenn brot, tugabrot og prósentur. ( 16. feb.)</p> <p>Mat kennara (gátlisti) á hópavinnu í Sjálfstæði Íslendinga</p> <p>Kennari skráir hjá sér vinnubrögð og vinnusemi í íslensku út frá gátl.</p> | <p><u>19. – 20.</u><br/>Könnun í sjálfstæði Íslendinga (fjórir kaflar, 19. feb.)</p> <p>21. – 23. feb. vetrarfrí</p> | <p><u>26. - 2. mars</u><br/>Sjálfstæði Íslendinga<br/>- sjálfsmat á eigin vinnu í hópastarfi og mat á hópnum<br/>- mat á vinnubók<br/>-mat á afrakstri og flutningi hópa.</p> <p>Skrifleg könnun í kristinfræði hjá 5. bekk</p> <p>Munnlegt próf í ensku hjá 5. og 6. bekk</p> |



## Ávinningur kennara

- Nákvæmari skráning.
- Betri yfirsýn – almennt.
- Auðveldara að átta sig á hvernig ákveðnum markmiðum er náð.
  - einstaklingar – hópur
- Betri tenging milli námsmats og markmiða.
- Betri þekking og reynsla.
- Lærum hvert af öðru.
- Betri samviska.



## Ávinningur nemenda

- Fjölbreyttara mat.
- Oft skemmtilegt í námsmati.
- Gera sér betur grein fyrir eigin getu.
- Eiga auðveldara með að átta sig á sínum sterku og veiku hliðum.
- Fá oftari niðurstöður strax.
- Fá oftari munnlegar umsagnir frá kennurum.



## Ávinningur foreldra

- Eiga auðveldara með að fylgjast með ákveðnum námsþáttum.
- Markvissari undirbúningur fyrir námsmat.
- Geta fylgst með margskonar mati i áformsmöppu.
- Regluleg skilaboð frá kennurum í áformsmöppu.
- Auðveldara að ræða við börnin um markmið námsins.





## Hvað viljum við bæta

- Auka enn frekar fjölbreytnina með t.d.
  - Verklegum æfingum eða prófum.
  - Heimaprófum.
  - Samvinnuprófum.
  - Leiðarbókum.
- Tíðara mat á vinnusemi og vinnubrögðum.
- Auka upplýsingar til foreldra.
- Fá nemendur til að dýpka ígrundun sína.